

**Ed.**

**657. Frumvarp**

til laga um mjólkursölu í Reykjavík.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar heimilast að setja ákvæði um alt, er lýtur að meðferð og gæðum rjóma og mjólkur, er selja á í kaupstaðnum, svo og um tölu og legu útsölastaða þeirra vörutegunda í kaupstaðnum. Heimilt er henni og að ákveða, að enginn megi standa fyrir sölu til almennings á mjólk eða rjóma í Reykjavíkurkaupstað, nema hann hafi til þess leyfi heilbrigðisnefndar, enda getur hún svift þann leyfinu, er það hefir fengið, ef henni þykir ástæða til.

2. gr.

Bæjarstjórn setur allar nauðsynlegar reglur um eftirlit með mjólkurmeðferð og sölu mjólkur og rjóma.

3. gr.

Meðan mjólkurskortur er í Reykjavík, er bæjarstjórn heimilt að banna sölu á mjólk eða rjóma til neyslu á sölustaðnum og til neyslu á veitingahúsum, svo og um notkun mjólkur og rjóma til niðursuðu eða til sælgætis, sem gert er í brauðgerðarhúsum eða í sambandi við aðra atvinnu, til sölu handa almenningi.

4. gr.

Þegar svo stendur á, sem í 3. gr. segir, er bæjarstjórn Reykjavíkur og heimilt að setja reglur um úthlutun mjólkur, svo sem með mjólkurseðlum eða á annan hátt, eftir því sem henta þykir.

5. gr.

Rjett er bæjarstjórn að leggja sektir við, alt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum þeim, er hún setur samkvæmt 1.—4. gr. Renna þær sektir í bæjarsjóð.

6. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum þeim, sem bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr., skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Ákvæði, er bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr. laga þessara, liggja undir samþykki stjórnarráðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.